

9. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu senda veiðistjóra skýrslu um veiðarnar eigi síðar en viku eftir að veiðitíma lýkur, sbr. 1. mgr. 6. gr.

10. gr.

Óheimilt er að hafa hreindýrakjöt til sölu nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni, sbr. ákvæði laga nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

11. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, svo og breytingu á þeim lögum nr. 72/1954, sbr. og 7. gr. laga nr. 47/1990, sæta meðferð að hætti opinberra mála.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 355/1991, um hreindýraveiðar árið 1991.

Umhverfisstjórnuneytið, 4. nóvember 1991.

Eiður Guðnason.

Páll Lindal.

REGLUR

um innflutning, framleiðslu og dreifingu leikfanga úr blýi.

1. gr.

Óheimilt er að flytja inn, framleiða eða dreifa með nokkrum hætti leikföngum úr blýi eða efnum, sem innihalda blý, s.s. í málningu eða litum, nema með leyfi Hollustuverndar ríkisins.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal bundið við nafn og einkanot umsækjanda. Umsækjandi skal vera fullra 18 ára gamall og ber hann fulla ábyrgð á að reglum þessum sé hlýtt.

3. gr.

Blyhlutirnir mega ekki fara til dreifingar, hvorki til láns, gjafa né sölu.

4. gr.

Þegar blyhlutirnir hafa lokið hlutverki sínu skal leyfishafi koma þeim í viðurkennda efnamóttöku, þannig að þeir valdi hvorki skaða á fólki né umhverfi.

5. gr.

Reglur þessar sem settar eru skv. 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 16/1940 um bann gegn leikföngum úr blýi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. október 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.